



Fréttatilkynning  
Frá skrifstofu forseta Íslands

## OPINBER HEIMSÓKN Á AKRANES

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú fara í opinbera heimsókn á Akranes á morgun, fimmtudaginn 15. desember. Heimsóknin hefst á samkomu með starfsfólki Akraneskaupstaðar, Fjöliðunnar og Félagi eldri borgara á Akranesi, þar sem kór eldri borgara syngur. Þá eiga forsetahjón fund með bæjarstjórn á skrifstofu Akraneskaupstaðar. Síðan fer forseti í sjósund við Guðlaugu á Langasandi ásamt félögum úr Sjóbaðsfélagi Akraness.

Fyrirtækið Skaginn 3X verður heimsótt og hádegisverður snæddur á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða. Eftir hádegi hitta forsetahjón grunnskóla- og leikskólabörn og skoða nýtt fimleikahús þar sem fulltrúar Fimleikafélags Akraness taka á móti þeim. Síðdegis heimsækja hjónin Heilbrigðisstofnun Vesturlands og nýsköpunarmiðstöðina Breið. Þar fá þau kynningu á starfsemi hússins og ræða við forsvarsmenn frumkvöðlafyrirtækisins Running Tide sem hóf starfsemi á Akranesi á árinu.

Í lok dags er boðið til opinna hátíðardagskrár fyrir íbúa í tengslum við 80 ára afmæli Akraneskaupstaðar þar sem forseti flytur ávarp ásamt Sævari Frey Þráinssyni bæjarstjóra. Loks snæða forseti og fylgdarlið kvöldverð á veitingastaðnum Nítjándu á Garðavöllum, en heimsókninni lýkur með tónleikunum Jólfriður þar sem kór Akraneskirkju syngur.

14. desember 2022

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).*